FORELDRA HANDBÓKIN

Fjölskyldan og leikskólinn í samstarfi

Leikskólinn Sólborg

Stuðst var við Handbók leikskóla Reykjavíkur (Fjölskylda og leikskóli, handbók um samstarf) en henni er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólakennara og annað leikskólastarfsfólk um samstarf við foreldra.

Einnig voru kynningarrit leikskólans og kynningarrit um hugmyndafræði Reggio Emilia uppfærð.

Myndin á forsíðu er eftir nemenda sem útskrifaðist 2014 og táknar hún barn í öruggu umhverfi.

Handbókin var uppfærð í ágúst 2017.

Leikskólahandbók foreldra

Efnisyfirlit

1. Formáli frá leikskólastjóra **4**

2. Samstarf við foreldra og fjölskyldur **4-5**

Hugmyndir að samskiptum og samstarfi 4

Starfsdagar /námskeiðsdagar /starfsmannafundir 5

Starfsfólk leikskólans 5

3. Stefna leikskólans **5-6**

Hugmyndafræðin 6

Efnisveitan 7

Skráningar 7

4. Upphaf leikskólagöngunnar **8-10**

Aðlögun 8

Þátttökuaðlögun 8

Fyrirkomulag aðlögunar 8

Hagnýt atriði fyrir foreldra í aðlögunar barnanna 9

Samstarf um aðlögun 9

Tengihlutir í aðlögun 9

Aðlögun á milli deilda 9

Aðlögun á milli leikskóla 10

Að flytjast yfir í grunnskóla 10

5. Raddir foreldra **10-14**

Mat á starfi leikskólans 11

Innra mat 11

Mat barna 11

Mat foreldra 12

Mat starfsfólks leikskólans 12

Ytra mat 13

Foreldrasamtöl 13

Sérkennsla/sérfræðiþjónusta 13

Foreldraráð 14

Foreldrafélög 14

6. Hagnýtar upplýsingar 15-19

Skólanámskrá leikskóla Ísafjarðarbæjar. 14

Leikskólinn Sólborg 15

Dagskipulagið 16

Vistunartími 16

Klæðnaður og hólf 17

Veikindi 17

Lyfjagjafir 17

Hvíld og svefn 18

Afmæli barnsins 18

Útskrift og kveðjuveisla barnanna 18

Óhöpp og slys 18

Dvalargjald vegna lengri fjarvistar 18

Uppsagnir á leikskólaplássi 19

Upplýsingatafla / fréttir 19

1. Formáli frá leikskólastjóra

Handbók þessi er kynning á og upplýsingar um það starf sem fram fer í leikskólanum. Í henni er nauðsynlegar upplýsingar sem koma að gagni í samstarfi ykkar við starfsfólk skólans. Fjallað er um hvernig upphaf leikskólagöngurnar er, en þann tíma köllum við aðlögun. Sagt er frá hagnýtum upplýsingum sem gott gott er að hafa í huga þegar barn byrjar í leikskóla og hvað þarf að hafa í huga varðandi leikskólagöngu þess. Talað er um hvað raddir foreldra eru mikilvægar og hvernig þær hafa áhrif á leikskólastarfið. Við viljum eiga gott samstarf við ykkur kæru foreldrar/foreldri og vinna saman með velferð barnsins að leiðarljósi.

2. Samstarf við foreldra og fjölskyldu

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 skal leikskólastjóri stuðla að samstarfi milli foreldra og starfsfólks með velferð barnanna að leiðarljósi. Starfsfólki ber því að leita leiða til að eiga góð samskipti og samvinnu við fjölskyldur leikskólabarna og byggja upp gagnkvæma virðingu, heiðarleika og traust á milli aðila.

Hugmyndir að samskiptum og samstarfi

Það er mikilvægt að góð samvinna sé á milli starfsfólks leikskólans og foreldra strax frá byrjun, þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Allar upplýsingar um barnið eru mikilvægar til að barninu líði vel og finnist það vera öruggt. Foreldrasamstarf er gagnkvæmt. Starfsmenn skrifa undir þagnarheit og foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að gæta þagmælsku og ræða ekki það sem þeir sjá eða heyra varðandi persónuleg málefni annarra barna í leikskólanum.

Til að styrkja og hvetja til samvinnu erum við með ýmsar uppákomur s.s. foreldrakaffi og gestakaffi. Á haustinn eru kynningarfundir á starfi skólans. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári. Við skólann er starfrækt foreldrafélag og lögum samkvæmt þarf að vera foreldraráð sem hefur rétt til umsagnar um t.d. skóladagatal, meiriháttar breytingar á starfssemi skólans.

Starfsdagar / námskeiðsdagar /starfsmannafundir



Starfsfólk leikskóla Ísafjarðarbæjar eru með þrjá starfsdaga á ári og einn námskeiðsdag, sem er hluti af símenntunaráætlun Ísafjarðarbæjar fyrir starfsfólk leikskóla. Samtals fjórir dagar á ári. Einnig eru 16 klst. fyrir starfsmannafundi á ári og er þeim er skipt upp í fjóra hálfa daga. Leikskólinn er lokaður þessa daga. Dagarnir eru notaðir til fræðslu, í námskeið og í undirbúning fyrir það nám og uppeldisstarf sem leikskólinn býður upp á. Einnig er þessi tími notaður í að endurmeta starfið sem þegar hefur verið unnið. Þessir dagar eru auglýstir á skóladagatali leikskólans. Foreldrum er einnig tilkynnt um þessa daga á heimasíðu leikskólans, á auglýsingatöflu, á göngum leikskólans og í netpósti, á fésbókarsíðu.

Starfsfólk leikskólans

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á starfseminni. Aðstoðarleikskólastjóri er staðgengill leikskólastjóra. Leikskólakennarar með deildarstjórn stýra starfi á einstökum deildum. Sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með sérkennslu í leikskólanum. Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinnur að uppeldisstarfi með börnunum. Stuðningur á deild vinnur að sérkennslu með einstökum börnum. Í leikskólanum er einnig starfandi matráður og aðstoðarmaður í eldhúsi sem er einnig staðgengill matráðs. Matráður sem sér um alla eldamennsku, innkaup og ákveður matseðil í samstarfi við leikskólastjóra með markmið manneldisráðs að leiðarljósi.

3. Stefna leikskólans

Hugmyndafræðin og áherslur

Í Sólborg er unnið eftir starfsaðferðum Reggio Emilia og eiga þær að endurspeglast í öllu starfi skólans s.s. í skapandi hugsun, í listsköpun með opinn efnivið, í útinámi, í frjálsum leik , í læsi. Í ofangreindum aðferðum er áherslan lögð á margbreytileikann í barnahópnum, góðan og samstilltan starfsmannahóp og gott foreldrasamstarf.

Leikskólastarf í anda Reggio Emilia sem kennt er við borg á Ítalíu er einkum byggt á hugmyndum Loris Malaguzzi, en hann var uppeldisfræðilegur leiðtogi leikskólanna. Mótandi þættir hugmynda hans er sýn á barnið, að það eigi að skapa sína eigin þekkingu en ekki vera óvirkur viðtakandi. Það á að gefa barninu færi á að nýta sér fleiri tjáningarleiðir en hafa tíðkast í hefðbundnu skólakerfi. Tjáning og sköpun eru virkir þættir í námi barnanna og hluti af daglegu lífi þeirra. Lögð er áhersla á skapandi og gagnrýna hugsun, ásamt lýðræði. Notaðar eru uppeldisfræðilegar skráningar til að nálgast hugmyndir og tilgátur barna.

Hlutverk kennarans í Reggio starfi er að hlusta og reyna að sjá hvaða stefnu barnið tekur þegar það tileinkar sér þekkingu og að styðja barnið í þeirri stefnu sem það tekur þ.e. kennarinn þarf að læra að grípa boltann sem barnið kastar til hans og kasta boltanum á þann hátt til baka að barnið vilji halda áfram. Í hugmyndafræði leikskóla sem starfa í anda Reggio Emilia er því haldið fram að í leikskóla sé barnið mótað á þrennan hátt þ.e. frá leikskólakennaranum, barnahópnum og umhverfinu. Til þess að svo geti orðið , verður umhverfið að virka hvetjandi á sköpunargáfu og samskipti barnanna. Í Reggio Emilia er mikið rökrætt við börnin, jafnvel mjög ung börn og spurt opinna spurninga –hvað –hvernig – hvers vegna. Opnar spurningar hvetja börnin til að leita svara. Þau verða að fá nægan tíma til þess að hugsa og leita svara. Mikilvægt er að hinn fullorðni hlusti á barnið og skrái hjá sér. Með því öðlast hinn fullorðni betri skilning og þekkingu á hugarheimi barnsins. Mikið er lagt upp úr hinu sjónræna uppeldi barnsins. Börnum er kennt að sjá og skilgreina hlutina, sjá þá út frá mörgum ólíkum hliðum, skynja margbreytileikann , ígrunda og taka afstöðu. Með þessum hætti mótast gagnrýn hugsun á umhverfið sem virkar hvetjandi og leiðir þar með til virkni barnsins. Mikilvægt er að skilja samhengið á milli þess sem barnið sér og að þau fái verkefni til þess að vinna úr. Þá festa þau í minni reynslu sína og æfa sig í að tjá sig á einhverjum af sínum hundrað málum.

Í starfsmannastefnu Sólborgar er hugtakið kennari notað yfir leikskólakennara og annað starfsfólk leikskólans. Starfsumhverfi kennarans í leikskólanum Sólborg grundvallast af mismunandi þáttum leikskólastarfsins. Það er barnið, barnið og hópurinn, barnið og kennarinn, barnið og umhverfið, barnið og samfélagið, barnið ,efniviður og sköpun og barnið og heimilið. Allir þessir þættir eru jafn mikilvægir fyrir líðan barns í leikskólanum og hefur mikið að segja fyrir jákvæða sjálfsmynd þess. Leitast er við að starfsaðferðir kennarans út frá fyrrgreindum þáttum séu út frá grunnþáttum menntunar og hugmyndafræði Reggio Emilia ásamt því að kennarinn tileinki sér þá sýn sem sett er fram um barn og nám þess.

Sköpun, skapandi efniviður og þemavinna

Í Sólborg er töluvert af skapandi efnivið og unnið skapandi starf af ýmsum toga á öllum deildum, en mismunandi leiðir eru farnar eftir aldri og þroska barnanna. Börnunum er kennt að skilgreina hlutina, sjá þá innan frá og frá mismunandi hliðum, skynja margbreytileika þeirra, ígrunda og taka að lokum afstöðu og þróa þannig með sér gagnrýna hugsun. Við viljum veita börnunum tækifæri til að auka sköpunarhæfni sína, gera umhverfið síbreytilegt og vekja þannig upp forvitni hjá börnunum og ýta undir sköpunargleði þeirra. Sköpun er mikilvæg tjáningarleið sem hjálpar börnum að tjá sig á eigin forsendum og skynja umhverfið. Við vinnum mikið með opinn efnivið í verkefnavinnu sem leiðir til sköpunar og hvetur börnin til að leita lausna í allri verkefnavinnu.

Við gerum frjálsa leiknum hátt undir höfði því við teljum að í honum fari fram mikilvægt sköpunar-ferli. Einnig nýtum við myndlist, tónlist, dans og leikræna tjáningu til þess að stuðla að sköpun.

Í þemavinnu er unnið á margvíslegan hátt, við vinnum í litlum hópum og jafnvel í flæði milli hópa eftir því sem hentar barnahópnum, kennarahópnum eða viðfangsefni hverju sinni. Stöðugt er unnið með uppgötvun og tjáningu barnsins í ferlinu. Við val á þema er tekið mið af áhuga og reynslu barnanna og reynt að styrkja sjálfsvitund og sjálfsmynd barnsins.

Skráning

Skráning er mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Reggio Emilia. Í Sólborg gegna skráningar stóru hlutverki þegar kemur að því að meta þroska og þróun nám barnsins. Skráningar gera starfið sýnilegra og með þeim er hægt að fylgjast betur með þeirri þróun sem á sér stað í náms- og sköpunarferli barnsins. Skráningar sem unnar eru af kennurum og er af námi og upplifun barnsins, bæði af barninu einu og einnig í hóp. Kennarinn reynir að sýna og gera grein fyrir áhuga, getu og upplifun barnsins í skráningunum. Notast er við ljósmyndaskráningar, textaskráningar og samtöl. Gerðar eru ferilskráningar í þemaverkefnum og útbúnar eru sérstakar ferilmöppur eða bók í máli og myndum. Einnig eru gerðar skráningar sem eru senda í tölvutæku formi til foreldra.

4. Upphaf leikskólagöngu

Aðlögun

Þegar barn byrjar í leikskóla mætast einstaklingar með ólík viðhorf sem byggir a ólíkri menningu, uppeldisviðhorfum og lífssýn. Barnið er í brennidepli en starfsfólk og foreldrar mætast með þá sameiginlegu sýn að tryggja velferð þess. Í aðlögun er lagður grunnur að sameiginlegum markmiðum sem tryggir góða líðan og framfarir barnsins. Starfsfólk Sólborgar leggur sig fram við að mæta fjölbreyttum hóp foreldra með skilningi á ólíkum viðhorfum þar sem leikskólinn er þverskurður af því samfélagi sem við búum í. Aðlögunartími barns og foreldra er ekki síst ætlaður til að skapa öryggistilfinningu hjá foreldrum sem síðan skilar sér yfir til barnanna. Starfsfólk Sólborgar leggur áherslu á gott samstarf við foreldra og er því tilbúið til að haga aðlöguninni á þann hátt sem hentar hverju sinni .

Þátttökuaðlögun

Í Sólborg er stuðst við þátttökuaðlögun. Eins og heitið ber með sér er átt við aðlögun þar sem foreldrar taka virkan þátt í starfi leikskólans á aðlögunartíma. Miðað er við að foreldrar dvelji með börnunum sínum í þrjá til fjóra daga í leikskólanum og taki þá virkan þátt í starfi leikskólans (sjá hér að neðan). Á fimmta degi kveðja börnin foreldra sína að morgni og eru allan daginn í leikskólanum. Kostir þessa forms aðlögunar eru að þarna gefst starfsfólki tækifæri á að læra af foreldrum um hverjar eru venjur barnsins þeirra. Einnig verða foreldrar öruggari að vita af barninu í höndum þess sem þeir hafa myndað tengsl við. Öryggir og ánægðir foreldrar = örugg og ánægð börn.

Fyrirkomulag aðlögunar:

Dagur 1. og 2. Barn og foreldri dvelja í leikskólanum frá kl. 9.00 og er til 11.45 eða fram yfir hádegismat og fer síðan heim.

Dagur 3. Barn og foreldri dvelja frá umsömdum vistunartíma og er til 14.00. Barnið fer í hvíld með kennara og foreldri bíður frammi. Ef það gengur ekki upp fer barnið heim með foreldri. Ef barnið sofnar getur foreldri brugðið sér frá og þá er hringt um leið og barnið vaknar og fer þá heim.

Dagur 4. Barn og foreldri dvelja saman í leikskólanum frá umsömdum vistunartíma í ca 1 klst. Ef allt gengur vel fær foreldri að fara frá og sækir barnið kl. 15.00 ef barnið er mjög vansælt er haft samráð við foreldra að sækja fyrr.

Dagur 5. Foreldri mætir með barnið á umsömdum vistunartíma og kveður það fljótlega eftir að það kemur í leikskólann- barnið er sótt í fyrralagi þennan dag,eftir samkomulagi .

Hagnýt atriði fyrir foreldra í aðlögun barnanna ;

Það er farið út alla daga og því mikilvægt að koma með útiföt fyrir barnið og foreldri.
Það er gott að hafa barnið í inniskóm eða sokkaskóm því það er gólfkuldi.
Ef barnið notar snuð, bangsa eða annað sem það sefur með er mikilvægt að koma með það í leikskólann. Einnig þarf að koma með bleyjur.
Við matarborðið og í söng/sögustundum er ætlast til að börnin taki þátt og sitji með hópnum.
Vinsamleg virðið það að innan leikskólans ríkir trúnaður um það sem fram fer. Það á einnig við um þá foreldra sem taka þátt í aðlögun. Vinsamlega takmarkið notkun á síma á meðan á aðlögun stendur. Ef teknar eru myndir í aðlögun er eingöngu leyfilegt að taka myndir af eigin barni sérstaklega ef myndir eru teknar til birtinga á netmiðlum. Vinsamlega virðið það.

Samstarf um aðlögun

Oft er það þannig að börn byrja í nýjum leikskóla eftir að hafa aðlagast í öðrum leikskóla. Það má segja að leikskólaumhverfið sé svipað á milli skóla, sem börnin þekkja. Við slíkar aðstæður þurfa börnin ekki að fara í gegnum þá hefðbundnu aðlögun sem tíðkast í leikskólanum, heldur er aðlögunin ákveðin í samráði foreldra og leikskólakennara með hag barnsins að leiðarljósi. Í slíku samstarfi hefur leikskólinn ekki ákveðið fyrirfram hversu langan tíma aðlögunin á að taka né hve lengi foreldrar dvelja með barninu. Í því samstarfi er gert ráð fyrir að foreldar þekki barnið sitt best og viti hvað því hentar.

Tengihlutir

Lítið myndaalbúm eða plöstuð mynd af mömmu, pabba og/ eða systkinum er gott að hafa með á leikskólanum, myndirnar af fjölskyldunni getur veitt þeim öryggiskennd og ákveðið traust. Einnig getur verið gott að hafa uppáhalds tuskudýrið sitt hjá sér.

Aðlögun á milli deilda

Það getur verið misjafnt hvernig börn taka því að flytja á milli deilda. Mikilvægast er að barnið taki virkan þátt í flutningnum. Áður en barnið flytur á nýja deild hefur það farið í nokkrar heimsóknir á deildina. Við reynum eftir bestu getu að haga því þannig til að börn flytja saman á milli deilda með sínum kennurum.Yfirleitt er ekki flutt á nýja deild fyrr en eftir sumarfrí þegar nýtt skólaár byrjar.

Tangi 5 ára deild

Tangi deild sem heyrir undir leikskólann Sólborg og er fyrir öll 5 ára deild á Ísafirði. Hún er staðsett í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar við Austurveg og tók til starfa 19. janúar 2017. Með því að sameina öll 5 ára börn á Ísafirði þá gefst þeim tækifæri á að kynnast betur sín á milli og eignast nýja vini, læra á umhverfið sem tengist grunnskólanum s.s. íþróttahús, mötuneyti, skólalóð. Áður en börnin byrja á Tanga hafa þau farið í heimsóknir á deildina með sínum kennurum. Einnig er haldinn er kynningar-fundur og allir foreldrar boðaðir í viðtal.

Aðlögun á milli leikskóla

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir því að allar upplýsingar komist til skila þegar barn flytur á milli leikskóla.

Að flytjast yfir í grunnskóla

Að hætta í leikskóla og byrja í grunnskóla eru stór tímamót fyrir leikskólabarnið. Við erum í góðu samstarfi við Grunnskólann á Ísafirði, þar sem kennarar ákveða sameiginlega heimsóknir leikskólabarnanna í grunnskólann sem er liður í aðlögun fyrir grunnskólanám.

5. Raddir foreldra

Stafsfólk Sólborgar vill leggja sitt af mörkum til að líta á gagnrýni og ábendingar frá foreldrum með jákvæðum augum, þar sem það leiðir oft til umbóta og skerpa sýnina á þær leiðir sem við höfum valið. Það er bæði nauðsynlegt og gagnlegt að sjónarmið allra komi fram í stefnumótun leikskólans námi og velferð barnsins.

Mat á starfi leikskólans

Lög um leikskóla frá 2008 kveða á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti gæði skólastarfsins með þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Niðurstöður úr matinu skulu birtar opinberlega. Foreldrar fá senda könnun frá Skólapúlsinum annað hvert ár. Mikilvægt er að foreldrar svari þessari könnun til að skólinn geti metið starf sitt út frá niðurstöðum könnunarinnar.

Til að þróa og bæta starfið og kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, þarf að framkvæma mat. Matið þarf að ná yfir heildarstarf skólans og mikilvægt að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við það. Ársskýrsla er svo unnin út frá því mati sem fram hefur farið í leikskólanum. Á haustin er gerð starfsáætlun og þá eru endurskoðuð þau verkefni og markmið sem sett voru og ný starfsmarkmið sett.

Innra mat

Samkvæmt Aðalnámskrá ber leikskólanum að leggja meiri áherslu á að endurmeta starfið á kerfisbundin hátt þar sem árangur og gæði skólastarfsins er metinn. Innra mat leikskólans miðar að því að meta leikskólastarfið til að finna veik- og styrkleika starfsins á sem víðastan hátt. Matið nær yfir alla þætti leikskólastarfsins og miðar að því að allir helstu hagsmunaaðilar leikskólans komi að matinu þ.e. starfsfólk,börn og foreldrar. Stuðst er við fjölbreyttar matsaðferðir og eru þær í formi viðhorfskannana, viðtala, rýnifunda, rýni í skráningargögn og matslista. Að vori er allt mat tekið saman í endurmatsskýrslu og gerð er umbótaáætlun sem er liður í starfsáætlun leikskólans.

Mat barna

Á hverju ári meta tveir elstu árgangar leikskólans starfið í leikskólanum á þann hátt að þau eru spurð um það hvað þeim þykir skemmtilegt og áhugavert í leikskólanum og hvað mætti betur fara. Hlustað er á skoðanir þeirra og sjónarmið og reynt eftir fremsta megni að mæta óskum þeirra og væntingum.

Mat foreldra

Þar sem Sólborg leggur áherslu á að foreldrar séu virkir þátttakendur í daglegu starfi er þátttaka þeirra í endurmati mikilvæg og eðlilegt framhald af foreldrastarfinu. Foreldrasamtöl standa foreldrum til boða með formlegum hætti tvisvar á skólaárinu þ.e. eitt á haustönn og annað á vorönn. Á vorönn leggja deildarstjórar stundum fyrir könnun fyrir foreldra um upplifun þeirra af starfinu á deildinni sem barnið þeirra er á. Niðurstöður eru nýttar til að fara yfir það sem vel er gert og hvað þarf að bæta. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali ef þörf er á að ræða einstaka mál. Í foreldrasamtölum er leitast við að fá mat foreldra á því hvernig leikskólinn mætir þörfum barna þeirra.

Annað hvert ár lætur Ísafjarðarbær gera könnun sem er á vegum Skólapúlsins þar sem foreldra þar m.a. spurðir út í ánægju þeirra með leikskólann, upplýsingaflæði, þekkingu á starfsaðferðum o.fl. Í kjölfar athugasemda foreldra eru gerðar umbætur.
Við leikskólann starfar foreldrafélag og foreldraráð. Foreldraráð fær til umsagnar allar þær stærri breytingar sem eru í starfi leikskólans s.s. skóladagatal og umsögn um skólanámskrá.

Mat starfsfólks leikskólans

Starfsfólk gerir athugun á ánægju og líðan nemenda á deild viðkomandi barns auk framvindu í námi og þroska. Ef eitthvað í tengslum við nemandann kemur ekki vel út er unnið að frekari athugun og greiningu í samstarfi við foreldra og sérkennslustjóra leikskólans.
Starfsfólk metur jöfnum höndum starfið á deildinni og í leikskólanum á deildarfundum, deildarstjórafundum, á starfsmannafundum og á starfsdögum. Leikskólinn notar einnig skráningar af starfinu með einstaka barn eða barnahópinn í huga til að fara yfir hvernig gengur. Leikskólastjóri tekur alla starfsmenn í viðtal á tímabilinu nóvember – janúar til að fara yfir almenna líðan í vinnunni og ef það eru einhverjar óskir um breytingar á næsta skólaári. Deildarstjórar taka síðan sína starfsmenn í starfmannaviðtöl í apríl-maí. Starfsmaður getur alltaf óskað eftir viðtali ef þörf er á.
Allir starfsmenn taka þátt í starsmannakönnun á vegum Skólapúlsins og eru niðurstöður notaðar til að meta starfið og starfsaðferðir skólans. Öryggisfulltrúi og öryggistrúnaðarmaður fara yfir vinnuöryggi starfsfólks reglulega yfir skólaárið og leggja fyrir könnun um líðan í vinnunni sem síðan er kynnt fyrir starfsfólki og gerð áætlun um úrbætur ef þörf er á. Sérstök móttökuáætlun er til um það hvernig tekið er á móti nýju starfsfólki og því fylgt eftir í starfi.

Ytramat

Ytra mat leikskólans er gert af utanaðkomandi aðila sem vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis

mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Matið felst í úttekt á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Leikskólinn var svo heppinn að vera valinn í úttekt skólaárið 2013–2014 sem gerð var af Námsmatsstofnun fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsla um úttektina og tímasett umbótaáætlun er á heimasíðu leikskólans www.solborg.isafjordur.is

Fræðslunefnd hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það er gert með því að m.a. kalla eftir starfsáætlunum og ársskýrslu, skóladagatölum og öðrum þeim áætlunum sem eiga við hverju sinni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum.

Foreldrasamtöl

Boðið upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári. Farið er yfir líðan barnsins í leikskólanum, þroska þess og þarfir og leitast við að fá fram viðhorf og væntingar foreldra. Mikilvægt er að heimili og skóli geti átt gott samstarf með velferð barnsins að leiðarljósi. Deildarstjórar taka foreldrarviðtöl. Hægt er að óska eftir viðtali oftar og/eða á öðrum tíma sé þess óskað.

Sérkennsla/ sérfræðiþjónusta.

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri og litið á hvert barn sem hæfan, sjálfstæðan og skapandi einstakling. Hlustað er á hugmyndir barnanna og vinnan aðlöguð að hæfni og möguleikum þeirra. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þá vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talin ávinningur fyrir alla að eiga fjölbreytt samfélag-samfélag margbreytileikans. Ef grunur vaknar um frávik í þroska sér sérkennslustjóri um frumathuganir í samráði og með skriflegu samþykki foreldra. Ef ástæða þykir eru kallaðir til aðrir sérfræðingar til frekari athugunar og ráðgjafar. Hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar er höfð að leiðarljósi og komið með íhlutun um leið og vandinn hefur verið greindur. Sérkennsla og stuðningur fléttast inn í daglegt starf leikskólans. Markmiðið með sérkennslu er að styðja við barnið og skapa aðstöðu til að það geti þroskast sem best á eigin forsendum.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar í leikskólanum í samráði við leikskólastjóra.

Eftirfarandi skimunarpróf eru notuð : Orðaskil, TRAS,EFI – málþroskaskimun, AAL –listinn, Kuno Beller, Hreyfiþroskapróf, HLJÓM -2, Tove Krogh,stærðfræðiathugun.

Þau gögn sem fylgja barninu milli leik- og grunnskóla eru Hljómpróf sem gerð eru á börnum á síðasta ári í leikskóla, auk þeirra persónulegu upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir velferð barnsins og aðlögun þess í grunnskóla s.s. niðurstöður athugana sérfræðinga. Það sama á við ef barn flyst á milli leikskóla.

Foreldraráð

Árið 2008 komu út ný lög um leikskóla þar sem gert er ráð fyrir aukinni ábyrgð og áhrifum foreldra á menntun og velferð barna sinna, auk þess að hvetja starfsfólk leikskólans til enn meiri samvinnu við foreldra. Kjósa skal foreldraráð og í foreldraráði skulu að lágmarki sitja þrír foreldrar. Leikskólastjóri hefur frumkvæði að kosningu og starfar með foreldraráði. Hlutverk foreldrarráðs er að gefa umsögn til leikskólans s.s. um skóladagatal og ef það verða meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Foreldrafélag

Samkvæmt 10.gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 skal leikskólastjóri aðstoða við stofnun foreldrafélags sé þess óskað.

Í Sólborg er starfandi foreldrafélag sem heldur utan um ýmsar uppákomur í leikskólanum í samráði við leikskólann, t.d. utanaðkomandi leiksýningar fyrir börnin, jólagjafir frá jólasveininum, gjafir til leikskólans.

Einn áheyrnarfulltrúi frá foreldrafélögum Ísafjarðarbæjar situr fundi fræðslunefndar og er talsmaður foreldra við Skóla- og fjölskyldusvið.

6. Hagnýtar upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn.

Skólanámskrá leikskóla Ísafjarðarbæjar.

Á grunni laga um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar mótar hver leikskóli Ísafjarðarbæjar sína skólanámskrá. Hún á að birta sýn, áherslur, gildi og leiðir hvers leikskóla um nám og starf sem grundvallast af lögum og menntastefnu.

Einnig er skólanámskránni ætlað að vera leiðarvísir starfsmanna og gefa foreldrum og öðrum sem áhuga hafa, upplýsingar um starf leikskólans. Í skólanámskránni koma fram sérkenni leikskólans, þau markmið sem hann setur sér og lýsir starfsaðferðum hans.
Allir starfsmenn leikskólans komu að gerð skólanámskrárinnar og mun hún vera í stöðugri endurskoðun og uppfærð þegar þörf er á.
Það sem lagt var til grundvallar við gerð skólanámskrá Sólborgar byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla og skólastefnu Ísafjarðarbæjar.

Leikskólinn Sólborg

Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Þar er stuðlað að því að nám barna fari fram samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Leikskólinn annast uppeldi, umönnun og menntun barna í samræmi við lög og reglugerðir, ásamt óskum foreldra. Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Leikskólinn stendur við Torfnes. **Sími: 450-8285. Síminn á 5 ára deildinni Tanga er 450-8295.**
Netfang: solborg@isafjordur.is

Heimasíða: www.solborg.isafjordur.is

Leikskólinn Sólborg var tekinn í notkun 1. febrúar 1998. Þá voru sameinaðir tveir leikskólar, Hlíðarskjól og Skólaskjól. Arkitekt leikskólans er Elísabet Gunnarsdóttir og landslagsarkitekt er Áslaug Traustadóttir hjá Landmótun. Verktaki var Eiríkur og Einar Valur hf.
Í leikskólanum eru um 80 börn og er þeim skipt niður á fjórar deildir,tvær yngri og tvær eldri og ein Deildarnar eru nefndar eftir gömlum staðarheitum á Ísafirði og heita Bót, Dokka, Naust og Krókur. Tangi er deild sem heyrir undir leikskólann Sólborg og er fyrir öll 5 ára börn á Ísafirði. Hún opnaði 19. Janúar 2017. Tangi er í húsnæði Tónlistarskóla Ísafjarðar við Austurveg.
Leikskólinn opnar kl. 7.45 og lokar 16.30. Fjöldi starfsmanna ræðst af aldri barnanna og sérkennsluþörf hverju sinni. Á heimasíðu leikskólans www.solborgin.isafjordur.is er hægt að finna ýmsan fróðleik og fréttir af starfinu.

Dagskipulagið

Dagurinn byrjar í rólegheitum inn á deildum. Morgunmatur er á sumum deildum strax og opnar og/eða byrjar kl 8.00/ 8.15 til kl.8.45. Á yngri deildunum er frjáls leikur og síðan hópastarf sem byrjar um kl. 9.00. Á eldri deildunum er markviss málörvun strax eftir morgunmat og í framhaldinu hópastarf/útinám til 11.00.

Á Tanga er valtafla og þar velja börnin á hvað svæði þau vilja leika strax eftir morgunmat. Síðan er morgunfundur hjá þeim kl. 9.00, ávextir og farið í hópastarf. Hádegismatur er á tímabilinu kl. 11.15 – 12.00. Börnin á Bót og Dokku borða kl. ca 11.10 og fara síðan í hvíld. Krókur og Naust byrja hádegismatinn kl. 11.30. Eftir matinn er róleg stund með lestri, hlustun til kl. 12.30. Jóga er í boði einu sinni viku fyrir allar deildir. Síðdegishressing er kl. 14.15/30. Eftir kaffitímann er samvera, val á eldri deildum og leikur inni eða úti þegar vel viðrar, þar til börn fara heim. Leikskólinn lokar kl. 16.30.

Vistunartími

Leikskólinn opnar kl.7.45. Hann býður upp á 4 – 8,5 tíma vistun. Hann lokar klukkan 16.30. Leikskólastjóri tekur á móti óskum um breytingar á vistunartíma á þar til gerðum eyðublöðum og/eða að foreldrar senda tölvupóst á solborg@isafjordur.is

Mikilvægt er að börnin mæti á réttum tíma í leikskólann til að geta tekið þátt í starfinu sem þar fer fram. Einnig eru foreldrar vinsamlega beðnir um að virða vistunartíma hvers barns, þ.e. koma með og sækja börnin á umsömdum tíma.

Klæðnaður og hólf

Mikilvægt er að klæðnaður barna sé þægilegur og í samræmi við veðurfar og **greinilega merktur börnunum**. Nauðsynlegt er að hafa aukafatnað meðferðis í leikskólann, bæði inni- og útiföt.

Í leikskólanum vinnum við með ýmis efni s.s. liti, lím og málningu sem geta farið í föt barnanna. Því er æskilegt að börnin séu ekki spariklædd í leikskólanum. Þau börn sem eru með bleyju koma með þær að heiman. Öll hólf þurfa að vera tæmd á föstudögum til þess að hægt sé að þrífa þau. Aukafötin sem eiga að vera í körfu og hólfi barnanna eru ; tvennar nærbuxur , tvennar buxur, tvennir sokkar/sokkabuxur, tveir bolir/peysur, ein peysa, tvennir auka vettlingar, kuldagalli eða regngalli,

þykk peysa, húfa og ullarsokkar. Eins og allir vita er veður mjög rysjótt á Íslandi, hvort sem það er sumar, vetur, vor eða haust. Þess vegna er best að vera við öllu búinn.

Veikindi

Eðlilegast er að foreldri meti hvort barn er fært um að fara í leikskóla þegar eitthvað bjátar á hjá barninu. Lasið barn þarf á meira næði að halda en venjulega og þarfnast meiri umönnunar. Því ætti almenna reglan að vera sú að leyfa barninu að vera heima hjá sér við þær aðstæður. Geti barnið ekki tekið þátt í leik og starfi úti að mati foreldra er eðlilegt að það sé heima enda hluti af daglegu starfi skólans utanhús. Innivera kemur ekki í veg fyrir að barn veikist.

Barn skal dvelja heima þar til það er orðið hitalaust og hefur endurheimt þrótt sinn. Þegar barnið kemur aftur í leikskólann er almenna reglan sú að það á að geta tekið þátt í starfi leikskólans hvort sem er úti eða inni. Fái barnið smitandi sjúkdóma verður það að dvelja heima þar til smithætta er liðin hjá. Þetta er nauðsynleg ráðstöfun til að forðast útbreiðslu sjúkdóma í leikskólanum og sjálfsögðu tillitsemi gagnvart öðrum börnum. Í undantekningartilfellum getur barnið fengið að vera inni í 1 – 2 daga. Mikilvægt er að láta okkur vita ef barnið er veikt annað hvort með því að hringja eða senda okkur tölvupóst.

Lyfjagjafir

Ef börn í leikskólanum þurfa á lyfjum að halda ber að haga lyfjagjöf þannig að lyf séu gefin heima en ekki í leikskólanum. Undantekning á því eru astma og/eða ofnæmislyf, lyf vegna sykursýki.

Hvíld/svefn barna

Hvíldartími barnanna er frá 11.30 á yngri deildunum og 12.00 á eldri deildunum. Lámarkshvíldartími er 20-30 mínútur. Á eldri deildunum er lesin saga og/eða hlustað á rólega tónlist. Á yngri deildunum sofna flest börnin en þau sem eru hætt því eru þó í hvíld í 20-30 mínútur. Ef barn sofnar fær það að sofa í 40 mínútur að lámarki, en að öðru leiti er lengd svefntíma hafður í samráði við foreldra.

Afmælisdagur leikskólabarnsins

Afmælisdagur er stór dagur í lífi barns. Leikskólinn sér um að halda upp á afmæli barnsins í leikskólanum. Barnið fær kórónu og sunginn er afmælissöngurinn og boðið er upp á ávexti, grænmeti og vatn/ribena (sykurlaus).
Vinsamlega setjið ekki afmælisboðskort í hólf barnanna. Það veldur vonbrigðum og leiðindum hjá þeim börnum sem ekki er boðið.
Heimilt að auglýsa afmæli á fésbókarsíðu deildarinnar sem barnið er á ef öllum börnunum er boðið.
Einnig er hægt að biðja deildarstjóra um heimilsföng barnanna á deildinni.
Á Tanga er haldið upp á afmæli barnanna sem eiga afmæli í viðkomandi mánuði.

Útskrift og kveðjuveisla barna

Elstu börnin eru útskrifuð frá skólanum í lok maí með sérstakri viðhöfn sem fram fer í Hömrum, sal Tónlistarskólans. Þar syngja börnin fyrir foreldra og taka síðan við útskriftarskjölum og rós úr hendi leikskólastjóra og deildastjóra. Börnin eru prúðbúinn og er þessi stund mjög hátíðleg. Síðan er haldin sameiginleg útskriftar-veisla. Foreldrar eru sérstaklega velkomnir í útskriftina. Sú hefð hefur verið að foreldrar útskriftarbarna hafa komið með smá veitingar á veisluborðið okkar, en útskriftartertan er í boði leikskólans. Þessi athöfn er einnig hugsuð sem kveðjuveisla útskriftarbarnanna. Deildarstjórar koma upplýsingum til foreldra þegar nær dregur útskriftardegi.

Óhöpp og slys

Í barnahópnum geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra. Ef fara þarf með barn á slysadeild er slysið skráð á sérstök eyðublöð sem leikskólinn er með. Ef slysið veldur áverka sem hugsanlega getur tekið sig upp síðar á ævinni, ber leikskólanum að tilkynna slysið til lögreglu og gera lögregluskýrslu sem varðveitt er þar. Hún greiðir fyrir afgreiðslu hjá tryggingarfélögum.

Dvalargjald vegna lengri fjarvistar

Ef barn er í leyfi í 4 vikur eða meira samfellt utan hefðbundins sumarleyfistíma leikskólans geta foreldrar sótt um að greiða einungis 4 klst. vistunargjald. Ef barn er fjarverandi í tvær vikur eða lengur

getur fæðisgjald þann tíma verið fellt niður. Mikilvægt er að foreldrar tilkynni deildarstjóra eða leikskólastjóra með góðum fyrirvara ef farið er í frí svo hægt sé að breyta gjaldi.

Uppsagnir á leikskólaplássi

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður og miðast við fyrsta eða fimmtánda hvers mánaðar. Ef breyta þarf vistunartíma er sótt um það hjá leikskólastjóra og/eða sendur tölvupóstur á solboeg@isafjordur.is fyrir fimmtánda hvers mánaðar.

Fréttir og upplýsingar til foreldra

Upplýsingar til foreldra eru skrifaðar á upplýsingatöflurnar sem eru við hverja deild. Upplýsingar frá leikskólastjóra eru settar á korktöflu við báða innganga leikskólans, sent í tölvupósti og á fésbókarsíðu leikskólans. Deildarstjórar senda mánaðarlega tölvupósta til foreldra um starfið á viðkomandi deild, auk frétta á fésbókarsíðu deildarinnar ásamt myndum, og á heimasíðu undir viðkomandi deild. Á heimasíðu skólans www.solborg.isafjordur.is er fjallað er um það sem efst er á baugi í starfssemi leikskólans hverju sinni. Mikilvægt er að fylgjast vel með öllum upplýsingum.

Með virðingu, leik og upplifun að leiðarljósi bjóðum við þér/ykkur hjartanlega velkomin í leikskólann okkar.